

# FRAMMISTÖÐUSAMTAL

## — AÐ VERÐA BETRI BÍLSTJÓRI

Það er mikilvægt hverjum starfsmanni að fá endurgjöf frá yfirmanni sínum um þætti starfsins sem ganga vel og hvar gæti mögulega verið rými til að gera betur.

Hópbílar og Hagvagnar innleiddu fyrir þremur árum gagnaöflunar-kerfi frá danska fyrirtækinu Traffitech (áður Traffilog). Gegnum kerfið fáum við ýmsar mikilvægar upplýsingar til dæmis um aksturshegðun bílstjóra.


Í gegnum tíðina má segja að bílstjórar séu oftast en ekki hópur einyrkja sem fá lykla í hendur með þann eina tilgang að koma farþegum frá A til B. Sjaldan fáir þeir endurgjöf á starfið sem þeir vinna nema helst ef kvartanir berast um aksturslag, tímasetningar, framkomu eða eitthvað slíkt.

Þegar gagnasöfnun var komin á gott skrið voru frammistöðusamtöl bílstjóra sett á laggirnar en bílstjórar eru því miður hópur sem í fáum tilvikum fær starfsmanna- og/eða frammistöðusamtal.

Tilgangurinn með frammistöðusamtali er að veita bílstjóra upplýsingar um aksturshegðun og mat á frammistöðu í samanburði við aðra bílstjóra í sama hópi.

Samtalið er einnig liður í að byggja upp samhljóm á milli fyrirtækis og starfsmanns og tryggja sameiginlegt eignarhald á vegferð fyrirtækisins og auka helgun í starfi.

Samtalið byggir á virkri hlustun og vangaveltum um frammistöðuna því einn lykilþáttur er að viðkomandi einstaklingur setji sér ný markmið í kjölfarið á leið sinni að verða betri bílstjóri.



### Í fréttabréfinu

Frammistöðusamtal—að verða betri bílstjóri .....	1
Frammistöðusamtal bílstjóra og verkefnastjóra .....	2
Frammistöðusamtal bílstjóra og verkefnastjóra .....	3
Páskakveðja .....	4


# FRAMMISTÖÐUSAMTAL BÍLSTJÓRA

## BÆTT AKSTURSHÉÐUN ALLRA HAGUR

Hópbílar og Hagvagnar nota gagnaöflunarkerfi frá danska fyrirtækinu Traffitech. Kerfið gefur okkur margvíslegar upplýsingar um bílaflotann okkar, staðsetningu, olíu- og rafmagnsnotkun, kílómetrastöðu og þess háttar. Kerfið gefur okkur einnig mikilvægar upplýsingar um aksturshegðun bílstjóra. Þannig fáum við mánaðarlega gögn um það hvernig hver bílstjóri ekur sínum bíl, upplýsingar um fjölda öryggisatvika, eldsneytisnotkun, lausagang og samanburð við aðra bílstjóra sem aka í sama flokki, t.d. Akstursþjónustu fatlaðra.


Á þessari opnu fréttabréfsins má sjá hvernig vitnisburður bílstjóra um aksturshegðun birtist hverjum og einum.

## ÖRYGGISATVIK



Hér fær bílstjóri upplýsingar um svokölluð öryggisatvik. Öryggisatvik eru hraðaukning, bremsun, vinstri beygja og hægri beygja. Gráa súlan sýnir frammistöðu bílstjórans síðustu þrjá mánuði á undan en sú bláa hvernig bílstjóri stóð sig síðastliðinn mánuð.


Þar sem bláa súlan fyrir síðastliðinn mánuð er hærri en sú gráa, fær bílstjórinn rauðleitann hring um bílinn sinn og rauða farþega.



Á þessari mynd fær bílstjórinn yfirlit yfir öll öryggisatvik síðasta hálfra árið. Þar má sjá að öryggisatvikum hans fjölga jafnt og þétt. Reyndar eru tölurnar mjög lágar og aksturinn í raun framúrskarandi. Litur á sulum fer alfarið eftir samanburði bílstjórans við eigin frammistöðu. Hann keppir við sjálfan sig.

Í frammistöðusamtali er farið yfir mögulegar ástæður fyrir því að atvikum fjölga.

## ELDSNEYTISNOTKUN



Hér fær bílstjórinn upplýsingar um eldsneytisnotkun sína síðastliðna 6 mánuði.


Annars staðar á vitnisburðarblaði sínu fær bílstjórinn einnig samanburðar upplýsingar, þ.e. hvernig eldsneytisnotkun hans er í samanburði við aðra bílstjóra í sama hópi.

Hér gætu utanaðkomandi þættir eins og bílategund og aldur bíla skipt máli.

Hér fær bílstjórinn upplýsingar um lausagang sinn í öllum akstri síðastliðna 6 mánuði. Lausagangur er í raun sá tími þar sem bíllinn er í gangi en ekki í akstri.

Sumir vilja tengja aukinn lausagang við lofthita en rétt er að minna á að hægt er að hita bílana án þess að hafa þá í í gangi, lausagangi.

## LAUSAGANGUR



Hér fær bílstjórinn upplýsingar um bestu gildin í sínum hópi.

Tölfræðin hér til hliðar sýnir hvert var besta gildið hjá bílstjóra í þessum tiltekna bílstjórahópi. Þetta þarf því ekkert endilega að vera sami bílstjórinn sem á öll gildin, þó það gæti vissulega verið raunin.

Hér birtast því bestu gildin varðandi öryggisatvik, minnstu hlutfallslegu eldsneytisnotkunina og minnsta hlutfallslega lausaganginn í þessum bílstjórahópi.

Hér getur bílstjóri því miðað sig við þann besta og sett sér markmið.





Starfsfólke  
Hópbíla,  
Hagvagna og  
Hagvagna  
þjónustu senda  
sínar bestu  
páskakeveðjur

**Hópbílar hf.**  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

**Umsjón, skrif og ábyrgð:**  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri  
leifur@hopbilar.is

